

Aðalfundur Félags um menntarannsóknir

6. október 2022, kl. 12.00, Stakkahlíð, H-201

1. Skýrsla stjórnar

Farið yfir lög félagsins. Lög eru óbreytt frá upphafi. Haldnar hafa verið sameiginlegar ráðstefnur í gegnum árin í óformlegu samstarfi við aðra. Síðast stóð félagið fyrir stórrí ráðstefnu árið 2018 um samvinnu í menntakerfinu. Oft hefur verið stefnt að því að hafa einn viðburð á ári, en engir formlegir viðburðir í nafni TUM í heimsfaraldri voru árin 2020-2022. Mikið framboð af viðburðum í samfélaginu gerir það erfitt að komast í gegn og ná til fólks. Til framtíðar þarf TUM að staðsetja sitt hlutverk í þeim efnum.

FUM hefur heimasíðu sem er opin en ekki hægt að uppfæra í augnablikinu vegna netárásar sem varð á allar síður Háskóla Íslands síðastliðið sumar. FUM hefur einnig Facebook síðu.

Horft til framtíðar: Aukin tilboð til félaga: fræðsla, námskeið, vettvangs- og kynnisferðir. Þróunarstarf á sviði menntunar. Fjölgun félaga. Samstarf við alþjóðafélög, s.s. NERA og SERA. Ein hugmynd er að FUM standi að ráðstefnu/viðburði annað hvert ár, og hitt árið efni til vettvangs- eða kynnisferðar erlendis fyrir félaga.

2. Reikningar

Reikningar lagðir fram fyrir árin 2020 og 2021. Lítið fór inn og lítið fór út úr reikning félagsins hjá Landbankanum. Félagsgjöld voru 42.000 krónur árið 2020 sem voru eftirstöðvar af því sem sent var út 2019. Annars voru félagsgjöld ekki rukkuð 2020 eða 2021. Reikningar eru undirritaðir af þremur skoðunarmönnum. Reikningar eru samþykktir af fundarfólki án athugasemda.

3. Stjórnarkjör

Samkvæmt lögum félagsins þarf sex í stjórn. Eftirfarandi bjóða sig fram:

- Tryggvi Thayer
- Halldóra Pétursdóttir
- Jóhann Örn Sigurjónsson
- Svava Björg Mörk
- Anna Magnea

Sjötti meðlimur í stjórn mun finnast síðar. Út frá fyrri samskiptum býður Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir sig hugsanlega einnig fram, annað hvort í aðalstjórn eða varastjórn, en hún er ekki viðstödd. Sigríður Margrét Sigurðardóttir býður sig fram í varastjórn.

4. Kosning skoðunarmanna reikninga

Tvo skoðunarmenn þarf samkvæmt lögum félagsins. Eygló María býður sig fram áfram. Kristján Ketill býður sig einnig fram sem skoðunarmaður.

5. Önnur mál

Spurning frá Ingólfi um hvort það sé of kostnaðarsamt fyrir FUM að gerast aðili að evrópsku menntarannsóknasamtökunum. Það er hægt fyrir t.d. SERA (skosku samtökin) og NERA (sem eru mjög kostnaðarsöm). Spurning hvort það sé ákveðin gulrót að FUM sé aðili að evrópsku samtökunum og fá þannig afslátt af t.d. ráðstefnugjöldum. Ný stjórn getur kannað þessi mál nánar.

Kallað er eftir því að formaður verði skipaður sem beri ábyrgð á að boða til fundar þó stjórn skipti annars með sér verkum samkvæmt lögnum. Anna Magnea býður sig fram sem formaður. Jóhann Örn Sigurjónsson býður sig fram sem gjaldkeri. Samþykkt af fundarfólki.

Jóhanna Einarsdóttir fagnar umræðunni um að útvíkka starfsemi félagsins út fyrir landsteinana og minnir á mikinn vöxt menntarannsókna síðan félagið var stofnað árið 2002.

Fundi er slitið kl. 12.28.